



Um hvað snýst þagnarskylda?

Höfundur:

Karítas Þráinsdóttir

12.12.2010

Leiðbeinandi:

Ástráður Haraldsson

Staðfesting lokaverkefnis til BS gráðu í viðskiptalögfræði

Lokaverkefnið:

Um hvað snýst þagnarskylda?

Höfundur:

Karítas Þráinsdóttir

Verkefnið hefur verið metið samkvæmt reglum og kröfum Háskólans á Bifröst og hefur hlotið einkunnina: _____

Bifröst _____

Deildarforseti

Leiðbeinandi

Um hvað snýst þagnarskylda?

Stjórnsýsluréttur

Höfundur: Karítas Þráinsdóttir

Leiðbeinandi: Ástráður Haraldsson

Ágrip

Í þessu lokaverkefni til BS gráðu í viðskiptalögfræði er ætlunin að kanna hvað þagnarskylda er, hver er tilgangur þagnarskyldu, hver gildandi réttur er varðandi þagnarskylduna, og kanna hvort um sé að ræða takmarkanir á henni eða frávik? Í framhaldi af því er vert að skoða siðareglur og lagareglur og skilja þann mun sem þar er á, en einnig verður til skoðunar hvar þessar reglur fara inn á svið hvors annars.

Margar stéttir í þjóðfélaginu vinna undir ákvæðum þagnarskyldu. Í þessu verkefni skoða ég aðallega þau þagnarskylduákvæði sem prestar, lögmenn og lækningar vinna undir.

Í 71. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um friðhelgi einkalífs okkar manna, ekki má skerða á neinn hátt þessa friðhelgi og þessi grein er undirstaða þagnarskyldunnar sem þegnar landsins eiga rétt á.

Lykilhugtök; þagnarskylda, siðferði, siðareglur, lagareglur, trúnaður, einkamál, tjáningarfrelsi, opinberir starfsmenn, einkahagsmunir.

Formáli

Í þessari 8 eininga ritgerð sem er lokaverkefni mitt til BS náms í viðskiptalögfræði við Háskólann á Bifröst er viðfangsefnið að rannsaka hvað þagnarskylda er, skilgreina hugtakið, skoða hver sé gildandi réttur varðandi þagnarskylduna, hvernig hún virkar innan ákveðinna starfsstétta, hvort það séu undantekningar á henni, takmarkanir eða frávik?

Það eru ýmis mikilvæg hugtök sem eru nátengd þagnarskyldu og má nefna þar siðferði og siðareglur sem vert er að skoða þegar þagnarskyldan er skoðuð. Hugmyndin að efnisvali mínu kviknaði síðastliðið sumar þegar umræða um presta, og þagnarskyldu þeirra, var sem háværust. Í fréttum var mikið fjallað um að ákveðnir einstaklingar sem unnu sem prestar kirkjunnar, jafnvel æðstu yfirmenn, sem almenningur á að geta treyst og leitað til með sín innstu og dýpstu persónulegu mál voru sakaðir um, og jafnvel sakfelldir fyrir dómstólum um kynferðisbrot gangvart skjólstæðingum sínum.

Þessi umfjöllun í fjölmiðlum varð til þess að ýmsir fóru að tjá sig um þagnarskyldu presta og annarra stétta sem búa við þagnarskylduákvæði í störfum sínum. Svo virtist vera að þagnarskyldan næði að mati sumra yfir athafnir sem aðrir töldu vera siðferðislega rangar. Uppsprettan að þessari ritgerð var þannig að kanna það hvort þagnarskyldan hjá vissum stéttum í þjóðfélaginu væri það undantekningarlaus að hún ætti við þó að menn vissu í hjarta sínu að þeir væru jafnvel að hylma yfir með mönnum sem væru að brjóta lög og reglur og það sem meira var að brjóta á fólki og jafnvel börnum sem geta ekki sjálf sér björg veitt.

Leiðbeinandi ritgerðarinnar, Ástráður Haraldsson dósent í lagadeild við Háskólann á Bifröst fær mínar hjartans þakkir fyrir góða leiðsögn. Foreldrar mínir, sem kvöttu mig áfram í námi þau, Þráinn Hallgrímsson og Þórunn K. Þorsteinsdóttir fá einnig mínar bestu þakkir fyrir yfirlestur, ábendingar og endalaus þolinmæði og tíma sem þau er alltaf tilbúinn að gefa mér, og er mér óendanlega mikils virði. Ragnar Hannes Guðmundsson á bestu þakkir skyldar fyrir yfirlestur og ábendingar varðandi uppsetningu á ritgerðinni.

Undirrituð lýsir því hér með yfir að hún er ein höfundur þessa lokaverkefnis. Ég hef unnið það eftir bestu getu og í samræmi við reglur Háskólans á Bifröst.

Kópavogur

Karítas Þráinsdóttir

Contents

Inngangur	1
Hvað þýðir þagnarskylda ?	2
Þagnarskylda málflutningsmanna, presta, hver er gildandi réttur?	3
Frávik frá þagnarskyldu	3
Hvað má takmarka þagnarskyldu?	5
Hvenær eru almenningi ákveðin atriði kunn?	5
Hver getur verið tilgangur þagnarskyldu?	5
Þagnarskylda vitna	6
Hæstaréttardómur nr. 416/1996 eða/ 1996.3575.....	6
Stjórnarskráin	7
Ef lagaákvæði rekast á.....	7
Siðareglur.....	8
Hvað eru siðareglur?.....	9
Lagareglur og siðferðisreglur	10
Siðareglur prestafélags Íslands.....	11
Trúnaðarskylda, þagnarskylda verjenda	12
Sjálfstæði verjenda	13
Hrd. 306/2001 lögmaður tjáir sig opinberlega um málefni.....	13
Rofið traust.....	14
Ágreiningur vegna þagnarskyldu	14
Vísitandi blekking.....	14
Siðferðisleg rök fyrir þagnarskyldu.....	15
Hvenær má hugsanlega rjúfa þagnarskyldu?	16
Almannaheill	16
Hagsmunir þriðja aðila.....	17
Hagsmunir aðilans sjálfs.....	17

Hver eru réttindi sjúklinga og skyldur fagfólks ?.....	18
Skyldur samfélagsins /trúnaður við skjólstæðinga.....	19
Einkamálefni/hagir manna	21
Viljakenning og hagsmunakenning	21
Dómur 189/2000 um einkahagi manna	22
Einkamálefni	23
Þagnarskylda lögmanna/einkamálefni.....	23
Hrd. 337/1992 lögmanni veitt áminning.....	24
Samantekt.....	25
Lokaorð.....	26
Heimildarskrá.....	28
Dómaskrá.....	29
Álit.....	29

Inngangur

Síðastliðið sumar var nokkur umræða um þagnarskyldu presta í þjóðfélaginu. Umræðan kom til vegna þess að prestar og í einhverjum tilvikum æðstu yfirmenn prestasamfélagsins voru sakaðir um, kynferðisbrot gagnvart skjólstaðingum sínum og einhverjir þeirra fóru fyrir dómstóla vegna meintra brota.

Í framhaldi af þessum umræðum stigu fram prestar sem sögðu þagnarskyldu presta algera og vísuðu þar í lög og siðareglur presta. Aðrir stigu fram með aðra sýn á þagnarskylduna, og drógu fram siðferðislegar spurningar og fannst mál af þessum toga ekki svo einföld að hægt væri að segja að þagnarskylda presta væri alger og án undantekninga. Lögfræðingar blönduðu sér í umræðuna og drógu fram þau lög sem gilda um þagnarskyldu og var þar undirliggjandi að auðvitað væri það gildandi réttur á hverjum tíma sem gildi um þagnarskyldu ákveðinna stétta samfélagsins.

Í ritgerðinni verða skoðuð lög og reglur sem eiga við um þagnarskyldu. Þagnarskyldan nær til margra stétta samfélagsins en í þessari ritgerð takmarkast umfjöllun við þagnarskylduákvæði presta, lækna og lögmanna. Í framhaldi af lögum og reglum verður skoðað hvernig samspil þagnarskyldunnar tónar svo við siðferðisskyldur manna. Spurningum er varpað fram um hvort og hvað takmarkar hana, frávik, þagnarskyldu vitna og fleiri spurningum verður velt upp og svarað í stuttu máli. Dómar sem fjalla um efnið verða fléttaðir saman við efni ritgerðarinnar og loks í niðurstöðum og lokaorðum verður efnið dregið saman.

Hvað þýðir þagnarskylda ?

Þagnarskylduákvæði í lögum má finna víða, inntak þeirra er misjafnt. Dæmi um almenn þagnarskyldu ákvæði má t.d. finna í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna nr. 70/1996 í 18. gr. og í sveitastjórnarlögum nr. 45/1998 má finna í 57. gr. á móta ákvæði. Sérákvæði má t.d. finna í lögum um réttindi sjúklunga en í 12. gr. þeirra laga eru lagðar þær skyldur á starfsmenn í heilbrigðisþjónustu að gæta þagmælsku um sjúklinga sína og þeirra persónulegu upplýsingar.

Í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 segir í gr. 230 að ef maður sem vinnur opinbert starf, tjáir sig um einkamálefni sem leynt eiga að fara þá varðar það fangelsi eða sektum.

Inntak þagnarskyldunnar er á þá leið að það er bannað að segja frá, eða koma frá sér skriflega, hvort sem það er á opinberum vettvangi eða í einkasamtölum milli manna, því sem á að vera undir ákvæðum þagnarskyldu. Það er nóg ef aðili spyr, og viðkomandi staðfestir upplýsingarnar um einkamálefni, þá fellur það undir þagnarskyldu sem og opinber birting upplýsinga.

Í álitum Umboðsmanns Alþingis 1395/1995 er fjallað um það að bankaeftirlit hafi ekki virt þagnarskyldu ákvæði sem þeir eiga að vinna eftir í lögum nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands. Þar var um að ræða starfsmann bankaeftirlits. Hann staðfestir fréttir um að þeir væru að rannsaka ákveðið fyrirtæki. Með því gat hann skaðað hagsmuni fyrirtækisins og virti ekki þagnarskylduákvæði sem starfsmanninum bar að vinna eftir.

Þagnarskyldan er alger í ákveðnum starfsstéttum, og má þar nefna sem dæmi presta, lögmenn og forstöðumenn trúfélaga. Þagnarskyldan nær til allra þeirra sem sá sem vinnur undir þagnarskyldu hefur samskipti við, s.s. fjölskyldu, vini sem og aðra sem ekki eiga rétt á því að vita um hvað viðkomandi mál snýst.

Sá sem vinnur undir þagnarskylduákvæðum má leita til þeirra sem hann þarf vegna starfs síns. Það má nefna sem dæmi lækna, lögmanna eða annarra álíka, en þá eru þeir sem við er rætt, einnig bundnir þagnarskyldu, og skal sá sem leitar til þessara stétta ávallt gæta nafnleyndar þess sem um ræðir.¹

¹ Jónatan Þórmundsson. (1985). Hlutverk og réttarstaða verjanda. *Tímarit lögfræðinga*. 4. hefti. 35. árgangur, bls 239.

Opinberir starfsmenn hafa aðgang að ýmsum gögnum vinnu sinnar vegna, það er skýrt að þeim er óheimilt að afla gagna sem viðkoma ekki þeim verkefnum sem þeir vinna. Í álitni Umboðsmanns Alþingis 698/1992 kom þetta fram þar sem starfsmaður hjá ríkisskattstjóra hafði aðgang að bókhaldi fyrirtækis sem hann undir eftirlitsverkefnum hans átti ekkert erindi að fara í.

Eins og segir í 1. mgr. 11. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 þá verður að fara þannig með persónuupplýsingar hjá þeim sem fara með þær að þær glattist ekki, breytist eða aðgangur að upplýsingunum sé þannig að sá sem ekki á að hafa aðgang að upplýsingunum fái ekki aðgang að þeim.

Það má segja að það felist í þagnarskyldunni að það er óheimilt að greina óviðkomandi frá atriðum sem þagnarskyldan á við um. Það getur verið um að ræða að það sé heimild til þess í lögum og þarf að skoða hvert tilvik þegar um það er að ræða.

Þagnarskylda málflytningarmanna, presta, hver er gildandi réttur?

Í lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 áður 91/1991 lög um meðferð opinberra mála segir í 2. mgr. b. liðar 119. gr. að prestum, lögfræðingum og fleiri starfsmönnum ríkisins sé óheimilt án leyfis hlutaðeiganda að svara spurningum um einkahagi manna sem hafa trúað þeim fyrir ákveðnum málefnum í starfi sínu.

Í greinargerð með lögunum kemur fram í útskýringum við 119. gr. sakamálaganna að vitni sé óheimilt að svara spurningum um tiltekin atriði vegna þeirrar þagnarskyldu sem á við þar. Af því leiðir að dómari eða sá sem er í fyrirsvari fyrir opinbera hagsmuni getur létt þagnarskyldunni af og gefið leyfi til að svara þeim spurningum sem spurðar eru. Alltaf þarf að hafa í huga þá meginreglu sakamálaréttarfars að það rétta og sanna verði að leiða í ljós.

Frávik frá þagnarskyldu

Frávik frá þagnarskyldunni skal túlka þröngt. Í skýringum við 2. mgr. 119 gr. segir að fyrirmyndin sé sótt í 2. mgr. 53. mgr. laga nr. 91/1991 og megi finna samskonar reglur í 1. mgr. 53. gr. og 1. mgr. 55 gr. laga um meðferð opinberra mála, en þó sé nýbreytni að finna í 119. gr. laga nr. 88/2008. Í b. lið þeirrar greinar er aðeins gert ráð fyrir því að vitni geti skorast undan því að svara ef vitnið er spurt um einkahagi manns. Um er að ræða alla þá sem um getur rætt, og vitnið hefur í trúnaði verið sagt frá þessum einkamálefnum. Þessi liður á

ekki við um málefni sem hafa borist til vitnisins með öðrum hætti en frá aðilanum sjálfum. Ákvæðið nær til lögfræðinga hafi þeir gegnt eða gegni starfi lögmannna.

Tekið er fram að ekki er þörf á að aðstoðarmenn falli undir þetta ákvæði laganna. Í 3. mgr. laga um meðferð opinberra mála sem átti sér nokkra fyrirmynd í 3. mgr. 53. gr. laga um meðferð einkamála, að ef dómari telur mikilvægt að þær upplýsingar sem vitnið hefur undir höndum geti ráðið niðurstöðu máls, þá getur hann sagt vitni að greina frá þeim upplýsingum sem hann hefur, en þá verða að vera ríkari hagsmunir af því að spurningunum sé svarað en þeir hagsmunir að halda trúnaði. Í b. lið 55. gr. laga um meðferð opinberra mála er gengið út frá því að þeir starfsmenn sem gegndu störfum með svo ríka trúnaðarskyldu, mættu ekki bera fyrir sig þagnarskylduákvæðinu og svöruðu ekki spurningum ef sá sem ákærður var í málinu sem um ræddi væri sakaður um brot sem varðaði að minnsta kosti tveggja ára fangelsi. Í stað þessara reglu var vilji til að setja inn reglu sem leyfði dómara að víkja frá 1. og 2. mgr., og fara þá ekki eftir vilja aðila máls, en þá aðeins ef hagsmunir þess að vitnið svari spurningum skipti meira máli en það að halda trúnaði. Hér er um matskennt ákvæði að ræða, dómari leggur mat á hvað það muni skipta miklu máli eða litlu fyrir málið að vitnið gefi vitnisburð, og svo hitt, hvert trúnaðarsambandið er og hversu miklu máli það skiptir. Hér skiptir þá einnig máli hvað sakargiftir eru alvarlegar. Því alvarlegri sem þær eru þeim mun meiri líkur eru á að trúnaður víki fyrir vitnisburði. Það er tekið fram í síðari málslíð 3. mgr. að það séu sérstakar undantekningar frá seinni mgr. 3. mgr. 119 gr. en þá er um að ræða málsatvik ef ákærði hefur trúnað verjanda, prests eða forstöðumanni trúfélags fyrir. Af því má sjá að ekki má í neinum undantekningar tilvikum skipa þeim sem um er rætt í þeirri málsgrein, að rjúfa trúnað við skjólstæðinga sína, nema sá sem ákærður er gefi leyfi fyrir því.

Sjónarmiðið sem liggur hér að baki, er að trúnaðarskylda þessara stétta sé svo rík að ef þeir tjái sig um trúnaðarmálefni þá sé það lagt að jöfnu við að sá sem ákærður er yrði sjálfur að tala fyrir dómi um þau atvik sem um ræðir. Þar sem verjanda er skv. 4. mgr. 117. gr. frumvarpsins óleyfilegt að bera vitni í máli þar sem skjólstæðingur hans hefur ekki gefið leyfi til að lögmaður beri vitni, þá hefur það þýðingu í þeim tilvikum sem verjandi hefur verið að verja ákærða, er verjandi í máli, eða var verjandi í máli. ²

² Þingskjal 252. (2007-2008). Frumvarp til laga um meðferð sakamála. *Alþingistíðindi A-deild* sótt þann 26. september af <http://www.althingi.is/alttext/135/s/0252.html>

Hvað má takmarka þagnarskyldu?

Í 3. mgr. 35. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála kemur fram takmörkun að þagnarskyldan taki ekki til þeirra atriða sem almenningi eru þegar kunn.

Rétt er að skýra þessi orð þröngt þar sem þá er átt við að þetta sé um atriði sem verjandi fær vitneskju um ákveðin atriði með öðrum hætti en með trúnaðarsamtali við skjólstæðing sinn.

Hvenær eru almenningi ákveðin atriði kunn?

Útskýring á því hvað skuli telja almenningi kunnugt um, markast af því að viðkomandi vitneskja hafa farið langt út fyrir þann hóp manna sem gæta skuli trúnaðar. Má því segja að nánast hver sem er, hvar sem er eigi að geta aflað sér þeirrar vitneskju sem um er rætt.

Vitneskjan verður að vera raunveruleg. Ekki er nóg að það sé orðrómur eða grunur. Aðeins má sá sem upplýsingarnar varðar gefa leyfi til að upplýsa megi um það sem um ræðir, fjölskylda, maki eða aðrir nákomnir mega það ekki, jafnvel ekki þó viðkomandi sé látinn.

Gott dæmi um takmörkun á þagnarskyldu er ef verjandi fær að vita af því að fyrirhugað er að fremja afbrot þá tekur það til upplýsinga- eða athafnaskyldu eins og kemur fram í 126. gr. almennra hegningarlaga nr. 91/1940 en þar segir að viti maður af fyrirhuguðu broti eða broti þar sem lífi eða velferð manna er í húfi eða búin hætta þá skal sá hinn sami koma í veg fyrir brotið eftir fremsta megni. Hér er farið fram á það að aðili sem veit af slíku atviki segi yfirvöldum frá vitneskju sinni. Sambærileg grein er í 169. gr. almennra hegningalaga en í þessum greinum er um brottfall þagnarskyldu að ræða. Þagnarskylda getur þannig vikið fyrir vitnaskyldu samkvæmt b. lið 119. gr. laga 88/2008 um meðferð sakamála.

Sjá má af ofangreindu að takmörkunum á þagnarskyldunni má skipta í þrennt. Samþykki sá sem á í hlut þá má víkja frá þagnarskyldu, vitneskja almennings getur orðið til þess að víkja frá þagnarskyldu, og að síðustu að vitnaskylda sé stundum til þess að víkja frá þagnarskyldu frá eins og kemur fram í 3. mgr. 119. gr. laga um sakamál. ³

Hver getur verið tilgangur þagnarskyldu?

Gott dæmi um tilgang þagnarskyldu er þagnarskylda lögmanna. En hún er sett í þágu réttaröryggis og er liður í að vernda persónuupplýsingar. Þrjár stéttir eru oft nefndar til

³ Jónatan Þórmundsson. (1985). Hlutverk og réttarstaða verjanda. *Tímarit lögfræðinga*. 4. hefti. 35. árg. bls. 240-241.

sögunnar þegar rætt er um mikilvægi þagnarskyldu. Ljóst er að mikilvægt er að vernda sérstaklega þær upplýsingar sem þessar stéttir fá í starfi, en þetta eru prestar, lækningar og lögmenn. Í tilvikum presta getur verið um að ræða afar viðkvæmar persónuupplýsingar. En lækningar eru í sínum störfum að vinna með málefni þar sem trúnaður er afar ríkur svo ekki sé meira sagt.

Þagnarskylda presta og verjenda í sakamálum er í ýmsum löndum alger og undantekningarlaus. Það má ekki rjúfa þagnarskylduna nema vegna verulega alvarlegra glæpa sem varða þá líf og limi manna. Í þessu ljósi má nefna lög um lögmenn nr. 77/1998 en í 22. gr. þeirra laga segir að lögmanni ber að halda þagnarskyldu um hvað sem honum er trúað fyrir í starfi sínu. 4

Þagnarskylda vitna

Í lögum 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins segir í IV kafla, í 18. gr. að starfsmönnum sé skylt að gæta þagmælsku um þau atriði sem þeir fá í starfi sínu, og samkvæmt lögum á að gæta þagmælsku um. Þagnarskylda þessari ber að halda þó að viðkomandi starfsmaður hafi látið af störfum.

Í lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 kemur fram í kafla XVIII. b. lið 119. gr. að vitni sé óheimilt að svara spurningum um einkahagi manna ef vitninu hefur verið trúað fyrir málefni í starfi sínu. Hér er átt við presta, lögmenn, lækna og fleiri starfsstéttir þar sem trúnaðarskylda ríkir. En lítum nú nánar á dæmi úr Hæstaréttardómi til að varpa nánara ljósi á hvernig héraðsdómur og Hæstiréttur meta þagnarskyldu þegar tekist er á um einkahagi manna og aðra mikilvæga hagsmuni.

Hæstaréttardómur nr. 416/1996 eða/ 1996.3575

Ef skoðaður er hæstaréttardómur frá árinu 1996 voru málavextir á þá leið að sr. A og hrl. B fengu kvaðningu um að vitna til um málavexti sem þeir höfðu fengið hjá sóknaraðila í störfum sínum og undir ákvæðum þagnarskyldu lögmanna og presta. Héraðsdómur úrskurðaði þess efnis að vitnunum sr. A og hrl. B væri skylt að svara spurningum sem lagðar voru fyrir þá vegna skilnaðarmáls. Kom fram í héraði að þær spurningar sem um ræddi að vitnin svöruðu,

4 Jakob R. Möller. (1998). Peningaþvætti, þagnarskylda lögmanna og samstarf við aðrar stéttir. *Lögmennablaðið*. 4. árg. 3. tbl. bls. 3-4.

vörðuðu samskipti málsaðila, á meðan á hjónabandi þeirra stóð. Taldi héraðsdómur að ekki væri um að ræða einkahagi málsaðila, hagur stefnanda var svo verulegur af því að fá leyst úr málinu að hann væri yfirsterkari en hagur stefnda af því að leynd væri haldin. Hæstiréttur staðfesti dóm héraðsdóms um að vitnum bæri að svara spurningum þeim sem um ræddi.

Sóknaraðili í málinu fyrir hæstarétti vildi ekki gefa leyfi sitt til sr. A og hdl. B svo þeir gætu svarað þeim spurningum sem fyrir þá var lagt, en samkvæmt b. lið 2. mgr. 53. gr. laga nr. 91/1991 sem átti við um spurningarnar þá máttu vitnin ekki svara nema skilyrðum um að aflétta þagnarskyldu vitnanna eins og segir í 3. mgr. 53. gr. sömu laga. Vildi sóknaraðili meina að með því að heimila vitnum að tjá sig um málefni hans þá varðaði það við friðhelgi einkalífs hans sem er skýr í 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar. Þegar Hæstiréttur mat það hvort að rétt væri að heimila vitnunum að svara umræddum spurningum þá var horft til þess að þarna var verið að leita eftir afstöðu eða viðhorfum sóknaraðila, en ekki trúnaðarupplýsingum.

Hér kom það skýrt fram að ekki var um að ræða einkamálefni sóknaraðila og um það snýst þagnarskyldan. Hefði það verið einkamálefni sem um ræddi hefðu vitnin ekki mátt svara spurningum nema með leyfi sóknaraðila í málinu.

Stjórnarskráin

Æðst allra laga á Íslandi er Stjórnarskrá Íslands, en í 71. gr. hennar er kveðið á um friðhelgi einkalífs manna. Þar segir í 2. mgr. að það þurfi sérstaka lagaheimild til að skerða á einhvern hátt friðhelgi einkalífsins. Þessi grein er sú grein sem þagnarskyldan á undir og ver algerlega trúnaðarskyldu þeirra sem vinna undir þagnarskylduákvæðum.

Ef lagaákvæði rekast á

Þegar reglur eða lög mæla fyrir á ólíka veginni um sama atvik þá er sagt að lagaákvæði rekist á. Leysa þarf úr þessum árekstri ef ekki er hægt að skýra reglur samkvæmt viðurkenndum viðhorfum, þ.e.a.s. alltaf er reynt fyrst að ná samræmi milli reglnanna áður en farið er í aðrar aðferðir.

Við höfum sérstakar forgangsreglur sem á að nota þegar upp koma þær aðstæður að lög stangast á. Reglurnar sem skipta máli eru þrjár

1. Lex superior
2. Lex specialis

3. Lex posterior

Fyrsta reglan eða lex superior er þannig uppbyggð að regla sem byggist upp á æðri réttarheimild er æðri og gengur fyrir öðrum reglum sem neðar standa. Sett lög eru æðsta réttarheimildin, því má sjá að reglur sem eru settar af settum rétti hafa forgang fram yfir þær reglur sem byggjast á einhverjum öðrum réttarheimildum s.s. eins og venju, meginreglum laga o.s.frv.

Lex specialis er á þá leið að sérreglur gangi frammar almennum reglum. Þetta er aðeins hægt ef önnur reglan er í svokölluðum sérreglum. Margir lagabálkar eru settir þannig saman að það eru meginreglur og svo eru undantekningarreglur, undantekningarreglurnar eru þá hér sérreglur. Ávallt verður að skýra undantekningarreglur þröngt. Ef almenn regla rekst á sérreglu að öllu leyti þá er það sérreglan sem á við. Gott dæmi um þetta eru líka stjórnslögin, sem væru þá almenn eða sérlög að hluta en svo eru barnalög sérlög sem ganga þá frammar stjórnslögum ef þar er að finna meiri rétt fyrir þann sem í hlut á.

Síðasta reglna er svo lex posterior en hún kemur til sögunnar ef ekki er hægt að notast við fyrri tvær reglurnar. Hér er það svo að yngri lög ganga frammar eldri lögum ef þau stangast á. Þegar sett eru ný lög þá er oft gert ráð fyrir því að eldri lögin falli úr gildi eða falli úr gildi að einhverju leyti. Því eru það nýrri lögin sem ganga frammar eldri.

Hér er um að ræða samræmd viðurkennd viðhorf til að leysa úr því ef ekki er á hreinu hvaða lög það eru sem eiga að gilda um ákveðið atvik. Varðandi sérlög eða regluna lex specialis þá eru frekar fáir dómur sem hafa fallið þar sem tekið er beint á reglunni, en þessu sjónarmiði er samt sem áður beitt.⁵

Siðareglur

Siðareglur eru settar svo að þeir sem eftir þeim eiga að fara breyti rétt og eigi síður að geta misstigið sig í siðferðismálum er varða störf þeirra.

Í mörgum starfsstéttum samfélagsins hafa menn sett sér siðareglur til að fara eftir. Má nefna að lækna hafa haft siðareglur síðan elstu menn muna. Það er kannski margt í nútímanum sem gerir það að verkum að siðareglur eru jafnvel nauðsynlegri en áður. Ólík sjónarmið

⁵ Davíð Þór Björgvinsson. (2008). *Lögskýringar*. Reykjavík. Bls. 223-231.

menningarheima, mismunandi sjónarmið fólks út frá viðhorfum til trúar og siðferðis, auknar upplýsingar um allan heim sem svipta hulu af siðferðisbrotum, aukin krafa um jafnræði og jafnrétti og að staðið sé vörð um friðhelgi heimilis og einkalífs og síðast en ekki síst aukin meðvitund almennings um persónuvernd og eigin hagsmuni. Ljóst er úr þjóðfélagsumræðunni að siðferðisleg vandamál virðast vera mörg, hagsmunir manna stangast á, tækni fleygir fram og svona mætti áfram telja. Þegar umræðan um siðareglur eykst þá má leiða að því líkur að það sé ákveðin þörf fyrir umræðu eða að upplausn ríki í siðferðislegum skyldum þeirra sem um ræðir. Eins má þá má líta á það sem tilraun til að efla siðferðiskennd manna sem og ábyrgð þeirra sem ber að fara eftir reglunum. ⁶

Frelsis- og réttindabarátta fólks er í sambland við siðferði sá þáttur sem þarf að huga að þegar kafað er í þessa þætti. Almennt vill fólk ráða sjálft lífi sínu, hvað það gerir, segir og jafnvel hvaða reglum það fer eftir. Segjum svo að þetta sama fólk vilji hafna því sem prestar, lögfræðingar, kennarar eða aðrir leggi þeim línurnar fyrir, þar sem það ræður sér alveg sjálft. Þá getur hæglega komið upp siðferðisbrestur, ef hver einstaklingur getur ákveðið sjálfur í hverju og einu tilfalli hvað er rétt í dag og hvað er rangt. Það er ljóst að við höfum bæði óskrifaðar og skrifaðar siðareglur sem flestir fara eftir, eftir bestu getu.⁷

Hvað eru siðareglur?

Greina má siðareglur í tvo flokka;

1. Lagareglur
2. Tæknilegar reglur

Munurinn á siðareglu og lagareglu er sá að lög eru sett með öðru sniði og séu lög brotin, þá eiga þar við ákveðin viðurlög eða refsing, og lögin eiga yfirleitt við um ákveðinn hóp manna.

Siðareglur setja starfsstéttir og hópar sér sjálfir venjulega eftir ítarlega umfjöllun og fundarhöld þar sem viðkomandi stétt skilgreinir grundvöll reglnanna og setur síðan ítarlegri reglur út frá þeim viðmiðunum sem stéttin hefur komið sér saman um. Dæmi um þetta eru siðareglur blaðamanna en þar reyndist um að ræða nefnd sem dæmir á grundvelli reglnanna

⁶ Páll Skúlason. (1987). Siðfræði og siðareglur heilbrigðisstétta. *Pælingar*. Reykjavík. Bls. 188.

⁷ Páll Skúlason. (1987). Siðfræði og siðareglur heilbrigðisstétta. *Pælingar*. Reykjavík. Bls. 189-90

hvort um brot sé að ræða og hvaða viðurlög skuli gilda gagnvart þeim sem brotið hefur framið. En almennt eru ekki viðurlög í siðareglum stétta eða hópa.

Varðandi siðareglur þá er það mun léttvægara að brjóta hana en þegar lagareglur eru brotnar. Siðareglur hafa víðara gildi, eiga oft erindi til margra, jafnvel allra. Þrátt fyrir þennan mun á lagareglum og siðareglum, þá vilja siðferðisspurningar oft villast milli siðareglna og lagareglna og skilin þarna á milli oft óljós. Vilji þeirra starfsstétta sem setja sér siðareglur eru að öllum líkindum tilraun þeirra til að ná fram þeim siðferðisgildum sem fyrir eru í samfélaginu og siðareglurnar spila svo inn í grunngildi þeirra lagareglna sem settar eru. ⁸

Lagareglur og siðferðisreglur

Siðareglum má skipta í tvennt;

1. Siðferðisreglur
2. Siðvenjur.

Siðferðisreglur taka til grunnréttinda manna og í því felst að virða líf, limi, frelsi og eignarrétt einstaklingsins svo eitthvað sé nefnt. Siðvenjur eru meira á þá leið að gæta háttvísi manna.

Lagareglur og siðferðisreglur eiga margt skylt, og ekki skörp skil þar á milli.

Að brjóta siðferðisreglu er að miklu leyti bundið við vilja manna fremur en verknað, sé siðferðisreglan brotin er það afsakað, en lagabrot mesta lagi réttlætt. Því má sjá að siðferðisreglur höfða til hugarfarsins á meðan að réttarreglan snýst um háttsemi sem er viðhöfð. Þegar hugsað er um af hverju eru siðferðisreglur má sjá að það er mikilvægi hennar sem skiptir máli en aðhald varðandi lagaregluna eru þau viðurlög sem eru við að brjóta hana.

Sem dæmi má taka að brjóti einstaklingur umferðarlög þá er líklegt að hann fái í það minnsta sekt, nema brotið sé því stærra þá eru viðurlög í takt við brotið. Brjóti einstaklingur reglu sem kemur að siðferði manna, tókum sem dæmi einstakling sem leggur ákveðin aðila í einelti á vinnustað. Það eru því miður margir sem komast upp með einelti, en í dag er það fordæmt og siðferðislega rangt. Starfsmenn á vinnustöðvum umbera það jafnvel vegna ótta við yfirvald eða telja það ekki í sínu valdi að koma í veg fyrir eineltið. Það er nánast enginn sem veit það og þeir sem vita það horfa fram hjá því og eru með viðhorf sem má kalla „Allir gera það, því

⁸ Páll Skúlason. (1987). Siðfræði og siðareglur heilbrigðisstétta. *Þælingar*. Reykjavík. Bls. 191.

er það allt í lagi.“ En siðferðislega er það rangt og getur verið brot á lögum, en samt er ákveðin hluti fólks í þjóðfélaginu sem réttlætir svona brot.

Einföld aðgreining lagareglna og siðareglna er að segja að lögin snúi að ytri starfsemi á meðan að siðir snúi að því sem brjótist um í hugskoti okkar manna. Vert er að hafa það í huga að ef mannfólkið virðir aðeins lög vegna ytri háttsemi og hefur enga sannfæringu um það hvort það breyti rétt eða rangt í hverju tilfelli fyrir sig þá má segja að réttarskipunin sé á miklum villigötum. ⁹

Mörg lagaákvæði eru þannig að þau vísa til siðferðis, taka má sem dæmi lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 en þar segir í 14. gr. að „*starfsmanni sé skylt að rækja starf sitt af alúð og samviskusemi í hvívetna*“. Sama má segja um læknaögin nr. 53/1988 en þar segir í 9. gr. „*Lækni ber að sinna störfum sínum af alúð og trúmennsku*“. Í lögum um lögmenn slær á sömu strengi og má finna svona ákvæði víða í lögum. ¹⁰

Siðareglur prestafélags Íslands

Í siðareglum presta kemur fram í 2. kafla, sem fjallar um köllun, í gr. 2.4. að sálgæsla presta byggist á virðingu og trúnaðartrausti. Þessa virðingu og traust skuli fara vel með því trúnaður sé mjög viðkvæmt málefni. Prestur má ekki undir neinum kringumstæðum misnota aðstöðu sína sem sálusorgari né má hann ógna velferð þess sem til hans leitar með neinum hætti, s.s. með því að vanvirða tilfinningar hans.

Í gr. 2.9. segir jafnframt að prestur beri ábyrgð á því að rækja starf sitt eftir gildandi lögum og kirkjusiðum, honum ber að gæta þess í starfi sínu og einkalífi að hafa virðingu kirkjunnar í fyrirrúmi og halda sóma stéttarinnar í heiðri.

Í 4. kafla siðareglanna þar sem fjallað er um trúnað segir svo í gr. 4.1. að þagnarskylda presta sé bundin við allt sem hann verður áskynja í starfi sínu og eigi að fara leynt. Það sem hann mun heyra og sjá verður hann að fá leyfi frá aðila máls til að mega tjá sig um við aðra.

⁹ Sigurður Línadal. (2007). *Um lög og lögfræði*. Reykjavík. Bls. 32-33.

¹⁰ Sigurður Línadal. (2007). *Um lög og lögfræði*. Reykjavík. Bls. 35.

Í gr. 4.2. segir svo jafnframt að þegar prestar þurfa að leita ráðgefandi álits um mál sem hann er í einhverjum vanda eða þarf tilsögn með þá verður presturinn að gæta þess að ákvæði um þagnarskyldu sé að fullu virt.

Í gr. 4.3. segir að noti prestur dæmisögu úr starfi sínu þá beri honum að sjá til þess að ekki sé hægt að rekja hana til þeirra aðila sem um ræðir. ¹¹

Af þessum siðareglum má sjá að prestar eru haldnir miklum og sterkum trúnaðarskyldum gagnvart skjólstæðingum sínum. Prestar verða að fara að lögum eins og kemur fram í gr. 2.9., en þagnarskylda þeirra er alger eins og sjá má af þessum greinum í siðareglum presta og eru í takt við lagagreinar um þagnarskyldu sem opinberir starfsmenn vinna eftir.

Trúnaðarskylda, þagnarskylda verjenda

Verjandi í sakamáli (áður opinberu máli) er bundinn af þagnarskyldu við skjólstæðing sinn sbr. 3. mgr. 35. gr. laga um meðferð sakamála. Þar sem þagnarskyldan er svona rík þá á verjandi ekki að leggja fram gögn í máli sem hann hefur sjálfur aflað og er skjólstæðingi sínum í óhag. Þetta er vegna þeirrar trúnaðarskyldu sem verjandi á við skjólstæðing sinn. Þetta trúnaðarsamband milli verjenda og skjólstæðings hefur mótast af skráðum sem óskráðum réttarreglum og er víðtækt.

Siðareglur lögmannna sem og venjur varðandi góða lögmannshætti geta spilað þarna inn í þær reglur sem eru í lögum. Algert grunnatriði í trúnaðarsambandi verjenda og skjólstæðings er réttur þeirra til að ræða saman án þess að aðrir séu vitni af því. Verjanda ber að halda þar trúnað og virða óskir skjólstæðings síns í hvívetna. Vegna stöðu verjenda í réttarkerfinu þá má sjá að hann hefur víðtækar skyldur sem eru bæði gagnvart skjólstæðingi sínum og dómstólnum. Samræming á þessum skyldum getur verið flókin ef t.d. koma upp stórar eða miklar samviskuspurningar¹² sbr. 1. gr. í siðareglum lögmannna en þar segir að lögmonnum beri að efla rétt og hrinda órétti.¹³

11 Kirkjan.is. (e.d.). Siðareglur presta. Sótt 4. október 2010 af <http://kirkjan.is/pi/sidareglur/>

12 Jónatan Þórmundsson. (1985). Hlutverk og réttarstaða verjenda. *Tímarit lögfræðinga*. 4. hefti. 35. árg. bls. 222-225

13 lmfi.is. (e.d.). Codex ethicus. Sótt 5. október af <http://www.lmfi.is/logmenn-og-thjonusta/log-og-reglur-um-logmenn/sidareglur-logmanna/#1>

Sjálfstæði verjanda

Verjendur hafa verulegt sjálfstæði bæði gagnvart dómstólum sem og aðilum í þjóðfélaginu. Í 22. gr. í lögum um lögmennt nr. 77/1998 kemur fram að lögmanni ber að halda þagnarskyldu um hvaðeina sem honum er trúað fyrir í starfi sínu, og sama gildi um starfsmenn lögmannsins. Ákvæðið er til að lögmennt hafi meira sjálfstæði en ella. Verjandi er sjálfstæður í störfum sínum, hann hefur rúmt málfrelsi og er ekki háður skipunarvaldi. En vert er að hafa það í huga að trúnaðarsamband verjanda við skjólstæðing sinn er byggt á tillitsemi við þann sem er ásakaður, verjandi þarf að taka tillit til óska hans og viðhorfa. Eðli trúnaðarsambands milli manna er frjálst, mjög mikilvægt er að trúnaður milli verjanda og skjólstæðings sé alger svo að vörn í máli gangi vel sem og fyrir skjólstæðing verjanda svo hann fari í gegnum málið í betri andlegum málum.

Hrd. 306/2001 lögmaður tjáir sig opinberlega um málefni.

Til að sýna fram á, að það eru ekki eingöngu þeir sem er verið að verja í réttarsal sem eiga hagsmuna að gæta varðandi þagnarskyldu eða trúnaðarskyldu hjá verjendum er eftirfarandi dómur ágætt dæmi um það að það geta aðrir, en sá sem lögmaður er að verja, aðilar máls átt rétt á því að þagnarskyldu sé haldið.

Málsatvik voru þau í hrd. 306/2001 að það var höfðað mál gegn Jóni Steinari Gunnlaugssyni hæstaréttarlögmanni (hér eftir nefndur J) þar sem hann hafði tjáð sig á opinberum vettvangi um málefni er vörðuðu X en hún var aðili máls í Hæstaréttardómi þar sem J var verjandi gagnaðila. Var það X sem höfðaði málið en vildi hún fá viðurkenningu á að J hefði brotið góða lögmannshætti, en þeim þætti málsins var vísað frá í hæstarétti þar sem efni máls og krafa var ekki nógu skýr. J var einnig sakaður um að hafa látið í veðri vaka að X hefði gegn betri vitund borið föður sinn röngum sökum, en í Hæstaréttardóm sem fallið hafði um málið var það ekki niðurstaða máls. Vegna þessara ummæla J var honum gert að greiða X miskabætur.

Þessi niðurstaða Hæstaréttar var á annan veg en í héraðsdómi, en þar var krafa um að J væri veitt áminning, en því var vísað frá. J var talinn hafa brotið góða lögmannshætti og var gert að greiða X miskabætur.

Fríðhelgi einkalífsins er varin af 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, og má aðeins takmarka þann rétt ef brýna nauðsyn beri til. Einnig er þessi réttur varinn í 8. gr. samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis sbr. lög nr. 62/1994. X átti einnig rétt á vernd æru en í málinu var fjallað um atriði sem voru viðkvæm og áttu beint við um X sem persónu. Réttur X til að

tjá sig um málavexti opinberlega og réttur J sem verjanda til að gera slíkt hið sama stendur á jöfnum grunni. Þegar þarf að meta svona persónuleg ummæli þarf að skoða hver og einstök ummæli og sjá hvort gengur framur í það skiptið með vísun í 2. mgr., sbr. 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar en þar er það réttur J til að tjá sig í opinberri umræðu, en réttur X er varin í 1. mgr. sbr. 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar.

Rofið traust

Ef trúnaðartraust milli verjanda og skjólstæðings er brotið þá er mikilvægt að verjandi segi sig frá málinu ef skjólstæðingur óskar þess. Vörn í máli er ekki líkleg til að vera árangursrík ef verjandi og skjólstæðingur hafa ekki trúnaðarsamband. Vegna þess trausts sem skjólstæðingur á að hafa til verjanda síns þá er það líklegt vegna þekkingar og kunnáttu verjanda að skjólstæðingur hans fari að ráðum hans varðandi t.d. úrræði eða viðbrögð í máli sínu.

Trúnaðarsamband og góðir lögmannshættir eiga þarna mikla samleið sem hluti af hagsmunagæslu skjólstæðings. Vegna þeirrar ríku þagnarskyldu sem þarf milli lögmanns og skjólstæðings hans verður lögmaður að gera kröfu um sýknu krefjist skjólstæðingur þess, þrátt fyrir að til staðar sé vitneskja verjanda um að skjólstæðingur hans sé sekur. Þetta er komið til m.a. vegna þagnarskylduákvæðis og trúnaðarskyldu.

Ágreiningur vegna þagnarskyldu

Að síðustu er vert að fjalla í stuttu máli um ef það kemur upp árekskur vegna þagnarskyldu lögmanns varðandi skjólstæðing sinn og almannahagsmuna.

Eins og komið hefur fram er verjandi bundinn þagnarskyldu samkvæmt lögum eins og kemur fram í lögum um meðferð sakamála og í siðareglum lögmannna. Á móti kemur svo að einnig er það verjanda að draga fram það rétta og sanna í málinu sbr. 2. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Hér er átt við að ef skjólstæðingur verjanda vill ekki láta koma fram ákveðið mál þá er það hans að ákveða það og trúnaður á hér við sem og þagnarskylda.

Vísitandi blekking

En athuga verður að verjandi má ekki blekkja vísitandi eða villa um fyrir dómara eða sækjanda. Verjandi má ekki ljúga, en stundum verður hann að gera það ef skjólstæðingur hans heldur fram sakleysi sínu við aðra en viðurkennir fyrir honum að hann hafi framið þann verknað sem um ræðir. Ef dómari telur efni til þess að óska eftir að skjöl eða aðrar upplýsingar frá verjanda séu lagðar fram þá hefur hann heimild til þess skv. 2. og 3. mgr. 119.

gr. laga um meðferð sakamála þar sem segir að ef dómari telur að vitnið geti haft það áhrif á málið að það geti ráðið úrslitum um niðurstöðu, þá getur hann sagt vitni að svara spurningum um ákveðin atriði enda séu ríkari hagsmunir af því að fá að heyra hvað vitnið hefur að segja heldur en að trúnaði sé haldið. Þessi undantekning nær ekki til presta, lögmanna né forstöðumanna trúfélaga. Eins getur dómari farið fram á það að sér sé sagt í trúnaði hvert svarið er.¹⁴

Siðferðisleg rök fyrir þagnarskyldu

Það þarf ávallt að virða vilja þeirrar persónu sem trúir og treystir ákveðnum aðila fyrir sínum málefnum. Það skiptir ekki máli þar hvort hún muni vita af því að þagnarskylda hafi verið rofin, og einnig skiptir ekki máli hvaða áhrif það hefði á viðkomandi.

Þessir hagsmunir eru mjög mikilvægir hvort sem viðkomandi áttar sig á því eða ekki. Það er vel mögulegt að aðila láti sig engu skipta þó málefni hans séu til umræðu eða þeim sé ekki haldið leyndum, þrátt fyrir þagnarskyldu. Þrátt fyrir að aðila sé sama um málefni sín, þá er það skylda þeirra sem vinna undir ákvæðum laga um þagnarskyldu að fara eftir þeim og gæta fyllsta trúnaðar um einkamálefni þess aðila sem í hlut á.

Þegar þagnarskylda ber að virða er um fagleg heilindi starfsstéttar að ræða. Réttur manna til að eiga sér sitt einkalíf er beintengdur því að aðilar sem koma að einstaklingnum með einum eða öðrum hætti verða að sýna einkalífi hans virðingu. Hver og einn hefur sinn rétt varðandi það að deila með öðrum upplýsingum um sjálfan sig. Jafnframt hlýtur það að vera skylda hans að miðla ekki upplýsingum um einkamálefni sjálfs síns sem geta komið inn á einkalíf annarra.

Það er góður mælikvarði á drengskap þeirra sem umgangast mann hvort sem það er vegna vinskapar, fjölskyldubanda eða starfs sem viðkomandi sinnir, hvernig fólk sinnir trúnaðarskyldum sínum.

Almennt á fólk ekki að þurfa að hafa áhyggjur af því að starfsstéttir sem vinna undir ákvæðum trúnaðarskyldu brjóti trúnað. Þagnarskyldan hefur því ekki bara þýðingu við ákveðin málefni eða ákveðið samband einstaklings við starfsfólk innan tiltekinnar starfsstéttar sem vinnur undir þagnarskylduákvæði, heldur almennt ef starfsmenn vinnan undir slíkum

¹⁴ Jónatan Þórmundsson. (1985.). Hlutverk og réttarstaða verjanda. *Tímarit lögfræðinga*. 4. hefti. 35. árg. bls. 226-231.

ákvæðum. Það er undir hverjum og einum komið hvað hann er tilbúinn að deila með öðrum um sín einkamálefni. Þó getur komið upp sú staða að af einhverjum ástæðum þarf viðkomandi að upplýsa aðra manneskju um mál og gerir það undir ákvæðum þagnarskyldu og trúnaðar. Það er því mjög mikilvægt að þagnarskyldan sé til staðar þegar einstaklingar þurfa á henni að halda. ¹⁵

Hvenær má hugsanlega rjúfa þagnarskyldu?

Velta má upp nokkrum tilvikum innan læknastrætunnar þar sem hægt er að sjá fyrir sér að það væri réttlæt看legt að rjúfa þagnarskyldu. Þrjú tilvik verða hér til skoðunar.

1. Þegar þagnarskylda stangast á við almannaheill.
2. Þegar þagnarskyldan mundi mögulega stangast á við hagsmuni þriðja aðila sem gæti hlotið skaða af.
3. Þagnarskyldan stangast á við hagsmuni þess aðila sem á í hlut.

Almannaheill

Byrjum á almannaheill. Segjum að læknir hafi fengið til sín strætisvagnabílstjóra. Læknirinn sér að það eru þrengingar í kransæðum hjá bílstjóranum. Læknirinn ráðleggur bílstjóranum að hætta að aka bifreiðinni. Ef læknirinn má draga þá ályktun af viðbrögðum bílstjórans að hann muni ekki fara að ráðum hans og halda áfram akstri, þá vaknar spurningin um hvort í því tilviki sé réttlæt看legt að rjúfa þagnarskyldu læknisins, hvort er þagnarskyldan þarna sterkari en almannaheill? Hér fer vissulega lagaskylda og siðferðisskylda saman, en hér eru siðferðislegir hagsmunir sem eiga undir almannaheill.

Í þessu tilviki breytir læknirinn rangt ef hann ákveður að stefna almenningi í hættu í bíl með þessum bílstjóra, það er skylda hans að vernda líf fólks, og má réttilega benda á að sá þáttur sé sterkari en þagnarskyldan í þessu tilviki. Það er siðferðileg skylda að koma upplýsingum um almannaheill á framfæri ef trúnaðaraðili býr yfir vitneskju sem leitt getur til þess að skjólstæðingur hans geti skaðað aðra. Það er eðli málsins samkvæmt talið skipta meira máli og snýst þá ekki eingöngu um einkamálefni manns.

15 Vilhjálmur Árnason. (1997). Kafli um þagnarskyldu. *Siðferði lífs og dauða*. Bls. 77 – 78.

Hagsmunir þriðja aðila

Víkjum þá að því þegar hagsmunir þriðja aðila geta skipt máli. Tökum dæmi um geðsjúkling sem segir lækni sínum frá því að hann vilji drepa konu. Geðlæknir, læknafróðir, og lögregla ræða við sjúklinginn sem lofar að framkvæma ekki þessar fyrirætlunum sínum. En þar sem læknirinn er bundinn þagnarskyldu þá lætur hann konuna ekki vita af þessum fyrirætlunum sjúklingsins. Stuttu síðar fremur maðurinn voðaverkið sem hann var búinn að vara við að hann ætlaði að fremja. Er hér rétt að halda trúnað, eða eru meiri hagsmunir þriðja aðila þarna í húfi? Hagsmunirnir eru augljóslega meiri hjá þriðja aðila og rétt væri hjá læknum að rjúfa þagnarskylduna í þessu tilviki.

Það verður að hafa í huga að trúnaður er grundvöllur þess að sjúklingar komi til síns læknis og vilji fjalla um þau málefni sem liggja á honum og því að tilætluð meðferð beri árangur. Eins eru fá svona tilvik þ.e.a.s. að sjúklingur geri alvöru úr framkvæmd svona brots þó að þetta vissulega geti það gerst. Sjúklingur getur því borið mikinn skaða af því ef læknir rýfur þagnarskyldu sína með þeim rökum að hann viti ekki hvort að annar beri skaða af. Þarna er stór siðferðisleg spurning. Gætir læknirinn ekki betur hagsmuna sjúklings síns með því að rjúfa þagnarskylduna og láta vita um ætlun hans sem hann gaf upp? Það getur ekki verið sjúklingnum til góðs að fá að burðast um með svona hugmyndir án þess að þeir sem um ræðir fái að vita um áætlanir hans.

Hagsmunir aðilans sjálfs

Sjúklingur leitar til læknis þar sem hann er orðinn háður lyfjum sem munu á endanum draga hann til dauða. Sjúklingurinn vill ekki að læknirinn fari með málið lengra og við það dvelur. Læknirinn gerir ekkert í málinu, reynir ekki að koma sjúklingnum til hjálpar frekar þar sem hann vill ekki neina hjálp, og vill ekki að neinn annar fái að vita af þessum vanda hans. Innan skamms tíma deyr sjúklingurinn. Þetta tilvik er annars eðlis en hin fyrri tvö þar sem þetta stefnir eingöngu hagsmunum aðilans sjálfs í hættu. Er hér rétt af lækni mannsins að gera ekkert eða er það siðferðislega réttara að taka ráðin af sjúklingnum og rjúfa þagnarskyldu og koma honum til hjálpar? Flestir myndu svara því til að læknum bæri siðferðileg skylda til að koma sjúklingnum til aðstoðar þannig að hann valdi ekki sjálfum sér skaða.

Af þessu má sjá hversu erfiðum siðferðislegum aðstæðum þeir geta lent í sem vinna undir ákvæðum þagnarskyldu. ¹⁶

Þau rök heyrast oft að þagnarskyldan sé forsenda þess að þær stéttir sem undir ákvæðum þagnarskyldu vinna geti unnið undir fullu trausti þeirra sem til þeirra leita, og sé hún ekki haldin án undantekninga þá leiði það til þess að fólk leiti ekki til þeirra sem þeir nauðsynlega þurfa að leita til og má taka sem dæmi, lækna, lögfræðinga og presta. Svo þessar stéttir geti unnið án þess að grafa undan trausti þeirra sem til þeirra leita, þá verði að vera um undantekningarlausu þagnarskyldu að ræða. Sumir vilja nota þau rök að séu undantekningar á þagnarskyldu þá sé í raun alveg ómarktækt að hafa hana. Þar af leiðandi megi leiða að því rök að það sé þá á valdi hvers og eins og ráða því hvort að hann haldi trúnaði eða ekki. ¹⁷

Þess vegna er þagnarskyldan ófrávikjanleg regla en aðeins á meðan hún skaðar ekki aðra. Samfélagið grundvallast á að vera siðferðislegt, byggt á trausti milli fólks. Fólk þarf að fara eftir reglum samfélagsins og ef fólk gerir það ekki þá hefur það áhrif á þagnarskylduna. Sé ekki farið eftir grundvallarreglum samfélagsins þá séu þeir sem það gera ekki lengur varðir af slíkum ákvæðum. Tökum sem dæmi mann sem nauðgar konu. Maður sem fremur slíkan glæp hefur fyrirgert rétti sínum í samfélagi þar sem þagnarskylda byggir á því að menn gangi ekki á þær siðferðislegur reglur sem gilda. Áriðandi er að leita annarra leiða áður en því er beitt að notast við undantekningar frá þagnarskyldu ef hægt er. ¹⁸

Eitt gott dæmi er tilkynningarskylda barnaverndarlaga. Hún gefur starfsmanni ekki heimild til að segja vinum sínum frá aðbúnaði eða aðstæðum barna, en honum ber skylda til að láta vita til barnaverndarnefndar ef um brot á reglum um aðbúnað barna er að ræða. ¹⁹

Hver eru réttindi sjúklinga og skyldur fagfólks ?

Siðferðislegar skyldur má setja í tvo flokka

1. Taumhaldsskyldur
2. Verknaðarskyldu. ²⁰

16 Vilhjálmur Árnason. (1997). Kafli um þagnarskyldu .*Siðferði lífs og dauða*. Bls. 79-81.

17 Vilhjálmur Árnason. (1997). Kafli um þagnarskyldu. *Siðferði lífs og dauða*. Bls. 82.

18 Vilhjálmur Árnason. (1997). Kafli um þagnarskyldu. *Siðferði lífs og dauða*. Bls. 83.

19 Vilhjálmur Árnason. (1997). Kafli um þagnarskyldu. *Siðferði lífs og dauða*. Bls. 83.

Skilgreining á taumhaldsskyldunni er á þá leið að þar er hvatning til að láta eitthvað ákveðið ógert, þegar um ákveðin verðmæti eru í húfi. Dæmi um þetta gæti verið bann við því að meiða og misnota fólk.

Verknaðarskyldan inniheldur hvatningu til að gera gott, dæmi um það er að hjálpa fólk í neyð.

Ef þessar skyldur rekast á þá er tilhneiging til að segja að taumhaldsskyldan eigi frekar við, þar sem það gæti útlagst sem svo að krafa um réttlæti sé sterkari kröfum um kærleika.

Þagnarskylda er mjög gott dæmi um taumhaldsskyldu því þagnarskyldan er hvatning fyrir starfsfólk sem vinnur undir ákvæðum þagnarskyldu til að halda að sér höndum. Sem dæmi um ákvæði þagnarskyldu í þessu ljósi má taka kafla 4. í siðareglum presta. En þar eru í gr. 4.1. – 4.3. ákvæði um þagnarskyldu.²¹

Griðaréttur má kalla þau réttindi manna sem höfða til taumhaldsskyldna og gæðarétt þau sem verknaðarskyldur virða.²² Gott dæmi um þetta er einfaldlega réttur mannanna til að eiga sitt líf, það frelsi sem rétt er hverjum manni nauðsynlegt og sem hann á rétt á. Það er hverjum manni nauðsynlegt að eiga griðland, hugsanir og athafnir sem eru hverjum manni eiginlegar og er partur af hverjum einstaklingi. Þagnarskylda er angi af þessum griðum, þau verja mannhelgi hvers manns og því er griðin afdráttarlaus. Þagnarskyldan stendur vörð um grundvallarverðmæti og má ekki víkja undan henni nema í afar sérstökum tilvikum þar sem eru mjög mikilvæg verðmæti í húfi.²³

Skyldur samfélagsins /trúnaður við skjólstaðinga

Í grein eftir Kristínu Sigurðardóttur, starfsmann í heilbrigðisgeiranum, fjallar hún um trúnað við skjólstaðinga og tilvik skyldur samfélagsins stangast á við trúnað sem læknum ber að halda. Greinarhöfundur bendir réttilega á að heilbrigðisstarfsmenn þurfi að vinna undir ákveðnum lagaramma, og þar sé trúnaður það mikilvægur að hann sé að hennar mati heilagur.

20 „Þýðing Þorsteins Gylfasonar á heitunum“negative and positive duties“ í grein hans Líknardráp. Um skyldan greinarmun á boðum og bönnum sjá Pál Skúlason, *Siðfræði*, bls. 89 – 91.

21 Kirkjan.is (.e.d.). Siðareglur presta sótt þann 1.12.2010 af <http://kirkjan.is/pi/sidareglur/>
22 Þýðing höfundar í *Siðfræði lífs og dauða*. Vilhjálmur Árnason „positive and negative rights“ sjá td Joel Feinberg, *Social Philosophy*, bls. 59.

23 Vilhjálmur Árnason. (1997). Kafli um þagnarskyldu. *Siðfræði lífs og dauða*. Bls. 85 - 86.

Í greininni er nefnt atvik þar sem trúnaður stangast á við almannaheill, og þegar ákveðnir einstaklingar fara á svig við lög og reglur en þá eru heilbrigðisstarfsmenn oft í þeirri stöðu að þurfa að spyrja sig, hvort skiptir hér meira máli, trúnaðarskylda mín eða almannaheill? Greinarhöfundurinn finnst ekki nógu skýrt hvernig heilbrigðisstarfsmenn eiga að bregðast við varðandi ákveðin málefni og tekin verða hér tvö dæmi úr greininni þessu til stuðnings;

Fyrri dæmið er þegar burðardýr kemur á sjúkrahús, sjálfviljugt og vill ekki leyfa heilbrigðisstarfsmanni að tilkynna málið til lögreglu, ber starfsmönnum sjúkrahússins að tilkynna um atvikið til lögreglu, og hvað ef viðkomandi burðardýr, ákveður að yfirgefa sjúkrahúsið án þess að fá þá meðferð sem nauðsynlegt er. Þar með er viðkomandi í hættu og efnin geta farið í umferð í þjóðfélaginu sem er vissulega almannahætta.

Niðurstaða af fundum með læknum, lögfræðingi, borgarlækni og lögreglu var á þá leið að starfsmönnum sjúkrahússins bæri að afhenda efnin til lögreglu en þeim bæri að halda trúnað við skjólstæðing sinn. Rökin fyrir þessu voru á þá leið að ef trúnaður væri brotinn í þessum tilvikum þá gæti það leitt til þess að burðardýr vildu eða þyrðu ekki að leita til heilbrigðisstarfsmanna og það gæti dregið einhverja til dauða. Einnig að fíkniefnaheimurinn væri hættulegur að mörgu leyti og ef heilbrigðisstarfsmenn mundu ekki halda trúnað þá væri öryggi þeirra í hættu.

Seinna dæmið snýst um ökumenn sem eru ekki hæfir til að aka bifreið, vegna kvilla sem hrjá þá. En eru samt sem áður með ökuskírteini og réttindi til að aka og gera það óspart. Heilbrigðisstarfsfólk sem lendir í svona aðstöðu segir skjólstæðingi sínum frá því að það ætti að láta það ógert að aka bíl sínum en viðkomandi hunsar þá viðvörun. Ef lækni viðkomandi mundi láta lögreglu vita þá er hætta á því að ökumaður mundi ekki leita til læknis vegna kvilla sinna aftur og það gæti valdið meiri hættu í umferðinni. ²⁴

Af ofangreindum dæmum má sjá mikilvægi þess að halda trúnað við skjólstæðinga sem getur á stundum verið sterkari rök fyrir en að rjúfa trúnað. Þegar um heilbrigðisstarfsmenn er að ræða er það mjög mikilvægt að skjólstæðingar þeirra, komi alltaf til læknis eða þess sem það þarf að leita til svo að upp komi ekki meiri og stærri vandamál en ella af því þeir þora ekki

24 Laeknabladid.is. (e.d.). Þegar trúnaður við skjólstæðing og samfélagsskyldur stangast á. Sótt þann 3. október 2010 af <http://www.laeknabladid.is/media/tolublod/1323/PDF/u07.pdf>

eða af reynslu eða sögusögnum geta ekki treyst læknum sínum eða öðrum heilbrigðisstarfsmanni fyrir sínum innstu málefnum.

Einkamálefni/hagir manna

Í lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 í kafla XVIII kafla segir í 119. gr. 2. mgr. að vitni sé óheimilt nema sé veitt leyfi frá þeim sem á í hlut að svara spurningum um einkahagi manns, sem vitninu hefur verið trúað fyrir í því starfi sem vitnið sinnir. Upptalning er svo í mgr. og þar talið upp t.d. prestar, lögmenn og fleiri. Hvorki er í lögunum sjálfum né greinagerð með lögunum að finna skýringar á því hvað séu einkahagir manna. Það er því í valdi dómara að meta í hverju máli fyrir sig og eftir eðli máls hvað eru einkahagir manna. Fræðimenn hafa ekki verið sammála um skýringu á þessu hugtaki, það eru einkum tvær leiðir til skilgreiningar.

Viljakenning og hagsmunakenning

Fyrri kenningin er svonefnd viljakenning en þá er miðað við vilja þess sem einkamálefnið á við um. Hin kenningin er svokölluð hagsmunakenning en þá þarf að leggja mat á hagsmuni þeirra sem leyndarinnar krefjast, hér er einnig miðað við þann sem einkamálefnið á við um.

Dómarar þurfa í þessum málum að ákveða eftir hvorri kenningunni þeir vilja fara. Það sem er almennt vitað af almenningi getur ekki fallið undir að vera einkamálefni, raunveruleg vitneskja verður að vera um að ræða og verður málefnið að hafa borist verulega út fyrir þann hóp sem er bundinn þagnarskyldu. Af því má sjá að það geta fleiri vitað um málaefnið en bara tveir aðilar. Verulegur grunur eða almennur orðrómur dugar ekki í þessu tilviki er varðar það hvort um raunverulega vitneskju manna er um að ræða. Dómarar eru oftast ekki í vanda um hvað eru einkamálefni manna, þó getur það komið upp, t.d. ef vantar gögn. Sé þannig ástatt getur dómari farið fram á það að vitni komi fyrir dóm og gefi staðfestingu á heimildarskorti.

Ágreiningur hefur verið milli fræðimanna um hvort dómarar eigi að notast við skýrslur sem gefnar eru andstætt þagnarskyldu þess sem vitnar. Á Íslandi erum við með svokallað frjálst sönnunarmat og því er talið að það megi notast við skýrslur sem gefnar eru þrátt fyrir

þagnarskyldu. Ef dómstólar tækju aldrei mark á skýrslum sem væru gefnar á framagreiðdan hátt þá gæti það brotið á réttlætiskennd margra. ²⁵

En víkjum hér að dómi sem sýnir mjög vel hve vandasamt það getur verið fyrir dómi að ná fram upplýsingum og vitnisburði þar sem byggt er á ákvæðum um þagnarskyldu í meðferð opinberra mála og vitni eða skjólstaðingar eru ekki tilbúnir að rjúfa þagnarskylduna.

Dómur 189/2000 um einkahagi manna

Málsatvik voru þannig í Hæstaréttardómi frá árinu 2000, þar sem í hlut átti prestur (hér eftir nefndur M) sem aðstoðaði stúlku við að segja móður sinni frá kynferðislegri áreitni af hendi föður síns. Lögreglan óskaði eftir skýrslu frá M, sem bar fyrir sig þagnarskyldu gagnvart bæði stúlkunni sem átti í hlut sem og móður hennar. M vísaði í þagnarskylduákvæði í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar og til greinar 4.1. í siðarreglum presta. Ákvæði í hegningarlögunum sem sækjandi vildi nota gat varðað brotþola allt að tveggja ára fangelsi og var það ákvæði sem gat stutt það að M þyrfti að gefa skýrslu fyrir dómi, en það var ekki talið fullnægja skilyrðum b. liðar 55. gr. þáverandi laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, núverandi 88/2008 lög um meðferð sakamála. Niðurstaða Hæstaréttar var á þá leið að M þyrfti ekki að gefa skýrslu fyrir dómi þar sem umrætt ákvæði um meðferð opinberra mála hélt ekki og ekki höfðu stúlkan né móðir hennar gefið M leyfi til að rjúfa þagnarskylduna. Með þessari niðurstöðu Hæstaréttar fór hann þvert á niðurstöðu héraðsdóms sem hafði úrskurðað að M ætti að gefa skýrslu fyrir dómi og byggði héraðsdómur á b. lið 1. mgr. 55 gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Hér vildi lögreglan með vísan í b. lið 1. mgr. 55. gr. laga nr. 19/1991 að vitnið M gæfi skýrslu um umrætt atvik. Taldi héraðsdómur að þagnarskylduákvæði í 2. mgr. 54. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 ætti hér ekki við, né 18. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, né siðareglur presta. En samkvæmt ætluðu broti sem var verið að rannsaka sem var gegn 2. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 varðaði brotið fangelsi að allt að 4 árum, þá varð M að gefa skýrslu samkvæmt héraðsdómi. Samkvæmt þáverandi b. lið 1. mgr. 55. gr. laga nr. 19/1991 var prestum ekki leyfilegt að

²⁵ Árni Tryggvason. (1953). Þagnarskylda málflutningsmanna og lækna fyrir dómi um einkamál manna. *Tímarit lögfræðinga*. 2. hefti. Bls. 52-53.

svara spurningum um einkahagi manna án leyfis þess sem á í hlut ef prestinum hefði verið trúað fyrir því í starfi sínu, nema um afbrot hafi verið að ræða sem varði minnst tveggja ára fangelsi. Ekki var kveðið á um það í 2. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga um lágmarksrefsingu og því fullnægði það ekki skilyrðum b. liðar 55 gr. laga nr. 19/1991 um að það verði að vera afbrot sem varðar minnst tveggja ára fangelsisvist.

Einkamálefni

Vísireglan, en það er réttarregla, sem skírskotar til sérstaks mælikvarða eða almenns mælikvarða á hegðun fólks á tilteknu athafnasviði,²⁶ um hugtakið einkamálefni hefur í riti Mogens Kockvedgaard og Hans Gammeltoft-Hansen frá árinu 1978 á bls 201-201, þar segja þeir frá því að inntak þessa orðs einkamálefni getur breyst eftir tíðaranda og réttarvitund á hverjum tíma. Nefnt er þar sem dæmi um einkamálefni, sifjatengsl, kynlíf, heimili, fjölskyldulíf, lífsvenjur, siðgæði fólks, afbrotakerill, heilsufar manna stjórn mála- og trúarskoðanir, fjárhagur og fleira gæti komið til og verður að ítreka að þetta er ekki tæmandi upptalning. ²⁷

Þagnarskylda lögmanna/einkamálefni

Í lögum um lögmenn nr. 77/1998 sem taka til allra sem hafa leyfi til að vera hæstaréttarlögmenn eða héraðslögmenn, segir í IV. kafla laganna í 22. gr. að lögmaður beri þagnarskyldu um hvað sem er sem honum er trúað fyrir í starfi sem lögmaður. Sama á við um starfsmenn hans sem hann getur haft aðkomu að vegna starfs síns. Lögmenn eru þagnarskyldir um einkamálefni sem og önnur málefni sem þeim er trúað fyrir, sem og starfsmenn þeirra, annað gengi ekki upp. Ákvæði um þagnarskyldu væru til lítils ef það ætti ekki við um þessa starfsmenn. Hæstaréttar- og héraðsdómslögmenn falla undir lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 en þar kemur fram í 18 gr. að starfsmönnum þeim sem falla undir þessa grein eigi að gæta þagmælsku um það sem þeir fá vitneskju um í starfi og eigi að vera þagað um samkvæmt lögum, fyrirmælum eða eðli hvers máls. Þagnarskyldan helst þó að viðkomandi láti af starfi. Eins og segir í 22. gr. laganna er um einkamálefni að ræða sem

²⁶ Lexix.hi.is. (e.d). Ritmálasafn Orðabókar Háskólans. Sótt þann 12.12.2010 af <http://www2.lexis.hi.is/cgi-bin/ritmal/leitord.cgi?adg=daemi&n=624592&s=671177&l=v%EDsiregla&m=v%EDsireglu>
²⁷ Jónatan Þórmundsson. (1985). Hlutverk og réttarstaða verjanda. *Tímarit lögfræðinga*. 4. hefti. 35. árg. bls. 243.

viðkomandi hefur fengið vitneskju um í starfi sínu. Skipir þar ekki máli hvort að skjólstæðingur hefur veitt vitneskjuna eða aðrir, hvort vitneskjan barst óbeint, eða beint eða hvort að viðkomandi fékk vitneskjuna með rannsókn sem hann framkvæmdi sjálfur. Má af þessu sjá að viðkomandi skjólstæðingur getur jafnvel ekki vitað sjálfur af því sem um ræðir ²⁸

Hrd. 337/1992 lögmanni veitt áminning

Í hrd. nr. 337/1992 sem fjallaði um hvernig lögmaður leyfði sér að fjalla opinberlega um mál þar sem hann hafði gætt hagsmuna eins erfingja við skipti á búi. Á þessum tíma var ekki mikið svigrúm fyrir lögmann að tjá sig opinberlega um dómsmál, en hér í þessu máli var því þannig háttað að lögmaðurinn lét hafa eftir sér í blaðaskrifum efni sem tengdist málinu. Ekki þótti lögmaðurinn hafa gert það nógu skýrt svo að mátti draga villandi eða rangar ályktanir af orðum lögmannsins af blaðamanninum sem við hann ræddi. Lögmaðurinn sem þarna átti hlut að málið fékk á sig áminningu frá stjórn Lögmannafélags Íslands en stjórnin fór á þessum tíma með agavald á grundvelli laga um málflytjendur nr. 61/1942. Hæstiréttur staðfesti svo þá niðurstöðu.

Með vísun í 4. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1941 um málflytjendur var farið af stað með málið, en en á grundvelli þessa ákvæðis er unnt að veita félagsmönnum áminningar vegna starfa sem þeir vinna og eru stéttinni ekki samboðin. Lögmaðurinn hélt því fram að hann hefði ekki látið nákvæmlega þau orð falla sem komu fram hjá blaðamanni í þeirri grein sem um ræddi. Í 18. gr. siðareglna lögmannna sagði að lögmennt verði að gæta hófs og stillingar, og með vísan í þessa siðareglu og 4. mgr. 8. gr. laga um málflytjendur þá yrðu lögmennt að gæta sín í umfjöllun sínum um ákveðin dómsmál eða málsatvik.

²⁸ Árni Tryggvason. (1953). Þagnarskylda málflytninga og lækna fyrir dómi um einkamál manna. *Tímarit lögfræðinga*. 2. hefti. Bls. 54-55.

Samantekt

Í þessari ritgerð hefur verið fjallað um þagnarskylduna eins og hún er í gildandi lögum. Æðsta réttarheimildin er í stjórnarskrá Íslands en í 71. gr. stjórnarskrárinnar segir í 2. mgr. að það þurfi sérstaka lagaheimild til að skerða á einhvern hátt friðhelgi einkalífs. Í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 kemur fram í 230. gr. að sá sem vinnur opinbert starf og tjáir sig um einkamálefni sem má ekki tjá sig um þá varði það fangelsi eða sekt. Í lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 segir einnig í 2. mgr. b. liðar 119. gr. að prestum, lögfræðingum og fleiri starfsmönnum ríkisins sé óheimilt án leyfis þess sem á í hlut að svara spurningum um einkahagi manna sem hafa trúað þeim fyrir sínum málum.

Eftir að hafa skoðað gildandi rétt um þagnarskylduna þá var fjallað um hvert væri inntak þagnarskyldunnar, og þrengdur sá hringur sem ritgerðin fjallaði um þar sem það eru margar stéttir í þjóðfélaginu sem vinna undir ákvæðum þagnarskyldu. Sérstaklega var litið til presta, lögmannna og lækna í þessari ritgerð. Skoðað var hver frávík væru frá þessum ákvæðum þagnarskyldu, hvað mætti takmarka hana og einnig fjallað um tilgang þagnarskyldunnar. Ef lagaákvæði rekast á þarf að hafa í huga þær forgangsreglur sem gilda í íslenskum rétti. Siðareglur og starfshættir skipta máli þegar skoðað er hvernig skal fara með þagnarskyldu, svo skilgreining er í ritgerðinni hvað siðareglur eru og til hvers. Sérstaklega var farið í siðareglur presta, er varðar þagnarskyldu þeirra.

Þá er rakið hvernig verjendur í sakamálum vinna undir ákvæðum þagnarskyldu, sjálfstæði þeirra, traust sem verjandi og skjólstæðingur þurfa að hafa í sínu vinnusambandi. Einnig er farið yfir það ef upp kemur ágreiningur vegna þagnarskyldu milli lögmanns og skjólstæðings. Verjandi má ekki vísvitandi blekkja dómara heldur þarf að fara vel með þagnarskylduna í hverju tilviki fyrir sig sem annars staðar í störfum sínum.

Einnig var skoðað hver væru siðferðisleg rök fyrir þagnarskyldu, hvenær væri hugsanlega í lagi að rjúfa hana. Þá er vikið að framkvæmd þagnarskyldu meðal heilbrigðisstétta hver réttindi sjúklinga og skyldur starfsfólks þar innanbúðar eru varðandi þagnarskyldu. Þar voru siðferðislegar skyldur skilgreindar og fjallað í stuttu máli um það.

Það eru einkamálefni sem skipta máli þegar fjallað er um þagnarskyldu samkvæmt lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008. Dregið er fram hvað einkamálefni er og skilgreining á því.

Dómar sem varða þagnarskylduna eru fléttaðir inn í efnið eins og átti við til skýringa.

Lokaorð

Vinna við þessa ritgerð var skemmtileg, fræðandi og opnaði fyrir mér víðari sýn á þagnarskyldu hugtakið. Það var ljóst við fyrstu skoðun að margar stéttir þjóðfélagsins vinna undir ákvæðum þagnarskyldu, en er þagnarskyldan samt ekki jafn alger eða sambærileg hjá öllum eins og hjá t.d. prestum, lögfræðingum og læknum.

Eftir umræðurnar í þjóðfélaginu, fyrir nokkru síðan og í raun til dagsins í dag, sem fóru m.a. fram í blöðum og á fjölmiðlum síðastliðið sumar um þagnarskyldu presta, varð ég forvitin um það hvernig þagnarskyldan virkaði og hvort hún væri í raun eins svart/hvít og kom fram í fjölmiðlum og almennri umræðu. Eftir yfirferðina í þessari ritgerð tel ég að þagnarskyldan sé mjög mikilvægur þáttur í starfi þeirra sem vinna undir ákvæðum þagnarskyldu. Oft er krafa um algeran trúnað en síðan koma ýmsir hagsmunir og tilvik sem takmarka þagnarskylduna og má þar eins og fram kemur nefna tilvik þar sem skjólstæðingar geta skaðað aðra, sjálfa sig eða valdið hættu eða tjóni á almannahagsmunum. Ljóst er að blaðaumfjöllun og má þar nefna sem dæmi, umfjöllun um réttindi barna og fórnarlamba ofbeldis gæti gefið til kynna að þagnarskyldan sé hafin yfir lög og rétt. En umfjöllun leiðir einmitt í ljós að lögin um þagnarskyldu og hvernig þeim er beitt eru einmitt mikil vörn fyrir bæði starfsstéttir sem búa við þau og þeirra sem þurfa á þeim að halda sem skjólstæðingar.

Það er margt sem ýtir undir það að virða eigi þagnarskylduna og hún sé oft það sem skiptir meira máli en aðrir hagsmunir í málum. En eins og kemur fram í ritgerðinni þá eru samt alltaf siðferðisspurningar sem geta orðið til þess að það eina rétta sé að þagnarskyldu sé vikið undan í vissum tilvikum og má þar nefna alvarleg tilvik þegar börn eru beitt ofbeldi af einhverju tagi. Varla er réttlæt看legt að menn geti skýlt sér á bak við ákvæði þagnarskyldu þegar menn níðast á náunganum og sérstaklega á minni máttar og telja sig verða að þegja um það.

Við heimildaröflun fyrir þessa ritgerð, rakst ég á gott dæmi sem fjallaði um það að þagnarskyldan hefði verið réttlæt看leg, en það var „líkfundarmálið“ svokallaða. Þar var um mann að ræða sem kom hingað til lands frá Litháen með fíkniefni innvortis. Félagarnir sem voru með honum í innflutningnum tóku á móti honum og beðið var eftir að fíkniefnin skiluðu sér. Það gerðist ekki, Litháinn dó af þessum völdum og félagarnir gerðu ekkert til að koma honum til bjargar. Réttilega má benda á að ef þagnarskyldan væri almennt þannig þekkt þá hefðu mögulega, félagarnir komið Litháanum á sjúkrahús til að losa fíkniefnin út, og þeir hefðu gengið þar út án þess að lögregla hefði verið kölluð til, en vitanlega hefði lögregla verið

kvödd á staðinn til að taka fíkniefnin og eyða þeim. En þarna hefði mannslífi verið bjargað og í svona tilvikum getur þagnarskyldan verið fullkomlega réttlætunleg.

Ummæli sr. Geirs Waage síðastliðið sumar sem var á þá leið að þagnarskylda presta væri alger, og mættu þeir ekki upplýsa þriðja aðila um málefni trúnaðarsamtala undir neinum kringumstæðum. Urðu til þess að margir urðu reiðir en ummælin féllu eftir að upp komu mál sem vörðuðu presta sem höfðu verið sakaðir um kynferðislega misnotkun á konum. Geir var í fjölmiðlum sakaður um fornaldar hugsunum og allt í það að segja lögum um þagnarskyldu gölluð og það þyrfti að laga þau að nútímanum. Það var athyglisvert að eftir að umræðan þróaðist og Sr. Geir Waage var bent á að hann yrði að fara að lögum landsins, þegar um vernd barna væri að ræða eins og segir í barnaverndarlögum, þá kom skýrt fram hjá honum að prestum bæri að virða landslög, þó hann hafi gefið annað í skyn í umræðunni þegar hún hófst.

Í heildina litið má segja að miðað við þá þúsundir starfsmanna, lækna, lögmenn, presta og aðra opinbera starfsmenn sem vinna undir þagnarskyldu í störfum sínum, þá séu þau mál mjög fá sem koma fram í fjölmiðlum og dómstólum sem snúast um þagnarskyldu eða brot á lögum í þeim efnum. Má draga þá ályktun að lög og reglur um þagnarskyldu séu að virka svona vel, eða eru aðrar ástæður fyrir því ?

Heimildarskrá

Alþingistíðindi

Árni Tryggvason. (1953). Þagnarskylda málflytninga og lækna fyrir dómi um einkamál manna. *Tímarit lögfræðinga*. 2. hefti. Bls. 52-55.

Davíð Þór Björgvinsson. (2008). *Lögskýringar*. Reykjavík. JPV útgáfa. Bls. 223-231.

Jakob R. Möller. (1998). Peningaþvætti, þagnarskylda lögmannna og samstarf við aðrar stéttir. *Lögmannablaðið*. 4. árg. 3. tbl. bls. 3-4.

Jónatan Þórmundsson. (1985). Hlutverk og réttarstaða verjanda. *Tímarit lögfræðinga*. 4. hefti. 35. árgangur, bls 239, 240 – 241, 243.

Kirkjan.is. (e.d.). Siðareglur presta. Sótt 4. október 2010 af <http://kirkjan.is/pi/sidareglur/>

Lexis.hi.is. (e.d.). Ritmálasafn Orðabókar Háskólans. Sótt þann 12.12.2010 af <http://www2.lexis.hi.is/cgi-bin/ritmal/leitord.cgi?adg=daemi&n=624592&s=671177&l=v%EDsiregla&m=v%EDsireglu>

Laeknabladid.is. (e.d.). Þegar trúnaður við skjólstaðing og samfélagsskyldur stangast á. Sótt þann 3. október 2010 af <http://www.laeknabladid.is/media/tolublod/1323/PDF/u07.pdf>

lmfi.is. (e.d.). Codex ethicus. Sótt þann 5. október af <http://www.lmfi.is/logmenn-og-thjonusta/log-og-reglur-um-logmenn/sidareglur-logmanna/#1>

Páll Skúlason. (1987). Siðfræði og siðareglur heilbrigðisstétta. Pælingar. Reykjavík. Bls. 188-191

Sigurður Líndal. (2007). Um lög og lögfræði. Reykjavík. Hið íslenska bókmenntafélag. Bls. 32-33, 35

Vilhjálmur Árnason. (1997). Kafli um þagnarskyldu. *Siðferði lífs og dauða*. Bls.59,75, 85-86.

Dómaskrá

Hrd. 1996.3575

Hrd. 337/1992

Hrd. 189/2000

Hrd. 306/2001

Álit

Álit Umboðsmanns Alþingis 1395/1995

Álit Umboðsmanns Alþingis 698/1992